# Lög

**um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 15. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að breyta þessum fjárhæðum til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar skal ráðherra breyta þeim með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 20. maí 2011.*